



Fundargerð 14. janúar 2019

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflökks Íslands, haldinn 14. janúar 2019 í húsakynnum Hlutverkaseturs Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:15.

Mætt voru Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Viggó K. Jóhannsson, Elsa Björk Harðardóttir, Katrín Baldursdóttir, Sigurður Gunnarsson, Jóhann Helgi Heiðdal, Gunnar Smári Egilsson, Sigurður H. Einarsson, María Pétursdóttir og Reinhold Richter.

1. Verkskipting félagastjórnar. Ákveðið að Andri leggi til á Facebook grúbbu að hann verði formaður, Bogi ritari og Elsa varaformaður.
2. Ákveðið að hittast og klára að skipa Samvisku og kjörnefnd fyrir 19. janúar.
3. Félagsfundur 19. janúar. Umræður um fólk til stjórnarstarfa og að kröfurgerð SGS verði felld inn í stefnu flokksins.
4. Fjölgun félaga. Umræður um hvernig við náum að fjölga félögum að einhverju ráði. Byrja á að fá foreldra og fjölskyldu til að skrá sig. Bogi ætlar að kanna hvort það standist persónuverandarlög að sækja lista yfir meðlimi í Facebook grúbbu.
5. Verkalýðsráð. Sigurður og Reinhold ætla að keyra á að stofna ráðið. Allir sammála að það verði að vera verkalýðsráð.

Önnur mál: Katrín Baldurs ætlar að skipuleggja ferð í kringum landið í sumar til að kynna flokkinn.